

REGLUGERÐ

um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o. fl.

I. KAFLI

Um veitingu starfs í lögregluliði.

1. gr.

Peir, sem sækja um lögreglumannsstöðu, skulu fullnægja eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Umsækjandi skal vera íslenzkur ríkisborgari, 21—30 ára, fjár síns ráðandi og má ekki standa fjárhagslega höllum fæti. Hann skal hafa gott mannorð og vera kunnur að reglusemi og háttvísi.
2. Umsækjandi skal vera vel vaxinn, a. m. k. 176 cm hár, með góða líkamsburði, heilbrigður andlega og líkamlega og laus við líkamslýti. Hann skal hafa góða sjón á báðum augum, góða heyrn og rétta litarskynjun. Ákjósanlegt er, að umsækjandi hafi stundað einhverjar íþróttir og sé a. m. k. allvel syndur.

Ganga skal umsækjandi undir læknisskoðun hjá lækni þeim, er lögreglustjóri ákveður.

3. Umsækjandi skal hafa lokið a. m. k. gagnfræðaprófi með góðri meðaleinkunn eða öðru sambærilegu prófi. Sérstök áherzla skal lögð á góða einkunn í íslenzku. Æskilegt er, að hann hafi nokkurt vald á einhverju Norðurlandamálanna, ensku eða þýzku. Umsækjandi skal hafa almenn réttindi til að stjórna bifreið.

Víkja má frá einstökum skilyrðum hér að framan, ef um lausráðningu í lögreglumannsstarf er að ræða, eða sérstakar ástæður mæli með því að mati lögreglustjóra.

2. gr.

Umsækjandi er skylt að ganga undir hæfnispróf, ef þess er krafizt, áður en endanleg ákvörðun er tekin um umsókn hans.

3. gr.

Nú hefur umsækjandi verið ráðinn í lögreglumannsstarf, og skal þá lita á fyrstu 2 starfsár hans sem reynslu- og námstíma.

Ef í ljós kemur á reynslutíma, að lögreglumannsefni fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til lögreglumanna, hvað snertir námshæfileika, ástundun, reglusemi, framkomu eða heilsufar, ber lögreglustjóra eða yfirlögregluþjóni að semja rökstudda greinargerð um það, sem áfátt þykir. Skýra skal nemanda frá efni greinargerðar, áður en lögreglustjóri tekur ákvörðun um, hvernig með mál skuli fara.

Eigi skal skipa í fasta lögreglumannsstöðu aðra en þá, er lokið hafa reynslutíma og prófi í lögregluskóla. Víkja má frá þessu ákvæði, er sérstaklega stendur á.

4. gr.

Eigi skal ráða aðra í héraðslögreglustörf en þá, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa gott mannorð og eru kunnir að reglusemi og háttvísi, enda séu þeir heilbrigðir andlega og líkamlega og hafi þá almennu menntun, sem nauðsynleg er að dómi viðkomandi lögreglustjóra til þess að geta rækt starfið óaðfinnanlega.

II. KAFLI

Um lögregluskóla og starfsnám.

5. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum almenna menntun í lögreglufræðum, sbr. 6. og 9. gr., svo og sérmenntun í hinum ýmsu greinum löggæzlunnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík veitir skólanum forstöðu og ræður stundakennara til hans. Sakadómari hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lítur að rannsókn brota.

6. gr.

Lögreglumenn, sem ráðnir hafa verið til reynslu, skulu kvaddir til náms í lögregluskólanum svo fljótt sem því verður við komið, að mati lögreglustjóra. Námskeið þetta standi yfir í 4—6 vikur og fari kennsla fram í eftirtöldum námsgreinum:

1. Íslenzku.
2. Skýrslugerð.
3. Lögreglufræðum.
4. Samþykktum.
5. Umferðarlögum og reglum.
6. Ýmsum lögum.
7. Vélritun.
8. Vettvangsuppráttum.
9. Hjálp í viðlögum.
10. Lögregluæfingum, sundi, leikfimi, sjálfsvörn, meðferð lögreglutækja o. fl.

Auk þess verði fyrirlestrar haldnir um ýmis efni, er varða löggæzlu.

7. gr.

Kennsla á námskeiði samkv. 6. gr. skal miða að því að veita nýliðum nauðsynlega undirstöðuþekkingu í lögreglustarfi. Skal námsefni vera í höfuðatriðum sem hér segir:

Íslenzka, 24 stundir:

Áherzla verði lögð á að æfa nemendur í réttiritun, setningu greinarmerkja og liðlegri setningaskipun.

Skýrslugerð, 24 stundir:

Grundvallaratriði um skýrslugerð, meginreglur um niðurröðun efnis, málfar og þau efnisatriði, sem koma þurfa fram í frumskýrslum. Sýnishorn af skýrslum úr helztu málaflokkum notaðar við kennsluna.

Lögreglufræði, 15 stundir:

- a. Skipulagning lögreglunnar, starfssvið hinna ýmsu lögregludeilda og samvinna þeirra.
- b. Skyldur lögreglumanna samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár, laga um opinbera starfsmenn, laga um meðferð opinberra mála og reglna um lögreglumenn.

- c. Heimild lögrelgumanna til valdbeitingar. Farið í ákvæði hegningarlaga um neyðarvörn, reglur um notkun kylfu og reglur laga um meðferð opinberra mála um handtöku.
- d. Reglur laga um meðferð opinberra mála um leit, sérstaklega um leit á mönnum og leit í húsum að mönnum, sem ber að handtaka.
- e. Framkvæmd löggæzlu, hvers lögrelgumanni beri að gæta á varðgöngu, framkoma lögrelgumanns, leiðbeiningaskylda, áminningar, kærur.

Samþykktir, 8 stundir:

Munur á lögum og reglugerðum. Skýrð ákvæði lögreglusamþykktta um óspektir á almannafæri, ölvun á almannafæri, reglu á veitingastöðum og friðun almenningsigna.

Umferðarlög og reglur, 14 stundir:

Farið yfir meginefni umferðarlaga og reglna samkvæmt þeim. Slysarannsóknir.

Ýmis lög, 8 stundir:

Skýrð nokkur atriði í friðunarlöggjöf, skotvopnalöggjöf, áfengislöggjöf, veitingalöggjöf og reglum um lokunartíma sölubúða og sölustaða. Lög um nafnskirteini.

Vélritun, 20 stundir:

Kennsla verði miðuð við byrjunarnámskeið í vélritun.

Vettvangsupprættir, 8 stundir:

Nokkur undirstöðuatriði í mælingatækni, einfaldir upprættir af vettvangi, skýrð þýðing nákvæmra uppráttta í sambandi við rannsókn máls.

Hjálp í viðlögum, 8 stundir:

Lifgun úr dauðadáí, frumaðstoð og flutningur slasaðra.

Lögregluæfingar, 44 stundir:

Sundkennsla miði að því að gera nemanda færar um að bjarga manni frá drukknun. Leikfímkennsla miði að því að æfa nemanda í liðlegum hreyfingum og viðeigandi göngulagi. Kennnd undirstöðuatriði við handtöku, leysiaðferðir og kylfunotkun. Æfingar í umferðarstjórn.

Fyrirlestrar, 6 stundir:

Efni, er snertir lögreglustörfin, m. a. um blóðrannsókn, umgengnishætti o. fl.

8. gr.

Nú hefur lögrelgumaður sótt námskeið samkvæmt 6. gr. og staðizt próf að því loknu og hefst þá starfsnám hans í lögregluliði, þar sem hann hefur verið ráðinn. Starfsnámið fer fram undir daglegu eftirliti viðkomandi lögreglustjóra, yfirlög-regluþjóns eða annars yfirmanns, er lögreglustjóri tilnefni, og skal hagað þannig, að lögrelgumaðurinn fái nákvæma leiðbeiningu um, hvernig leysa ber þau verkefni, sem honum eru falin hverju sinni í daglegu starfi. Gæta skal þess eftir því sem við verður komið, að verkefni séu við hæfi lögrelgumannsins, miðað við starfsaldur, nám og reynslu. Sérstakar kennslustundir skulu að jafnaði vera tvisvar í viku, þar sem yfirmaður ræðir við lögrelgumanninn um dagleg störf hans, svarar fyrirspurnum og veitir ábendingar um það, sem betur hefði mátt fara. Á þriggja mánaða fresti skal yfirmaður gera skýrslu um nám lögrelgumannsins, framfarir

og annað, er máli kann að skipta um starfshæfni hans. Starfsnám skal standa yfir í a. m. k. 8 mánuði af reynslutímanum.

9. gr.

Lögreglumenn skulu kvaddir á framhaldsnámskeið að jafnaði eigi síðar en 12 mánuðum eftir að starfsnámi samkv. 8. gr. lýkur, enda sé talið líklegt, að lögreglumaðurinn verði hæfur til þess að fá skipun í starfið.

Framhaldsnámskeið skal standa yfir í 14–18 vikur. Námsgreinar skulu vera sem hér segir:

1. Íslenzka.
2. Skýrslugerð.
3. Lögreglufræði.
4. Samþykktir.
5. Umferðarlög og reglur.
6. Ýmis lög og reglugerðir.
7. Hegningarlög.
8. Þjóðfélagsfræði.
9. Persónu- og sifjaréttur.
10. Ríkisborgaralög og útlendingalög.
11. Rannsókn afbrota.
12. Mannlýsingar, fingraför o. fl.
13. Vettvangsupprættir.
14. Nokkur atriði um aflvélur og rafmagnstækni.
15. Sálfræði.
16. Hjálp í viðlögum.
17. Lögregluæfingar, leikfimi, sund, sjálfsvörn, meðferð lögreglutækja o. fl.
18. Fyrirlestrar um ýmis efni, er snerta löggæzlustörf.

10. gr.

Kennsla á framhaldsnámskeiði samkv. 9. gr. miði að því, að veita nemendum haldgóða fræðslu í almennu lögreglustarfi. Skal haga kennslu í lögum, reglugerðum og öðrum námsgreinum þannig, að hæfi því menntunarstigi, sem krafizt er til inngöngu í lögreglulíð.

Námsefni í einstökum námsgreinum skal vera í höfuðatriðum sem hér segir:

Íslenzka, 54 stundir:

Kennsla beinist einkum að skýrslugerð með vönduðu málfari og greinilegri framsetningu. Áherzlu ber að leggja á réttitun og setningu greinarmerkja.

Skýrslugerð, 48 stundir:

Farið yfir reglur um skýrslugerð. Nemendum kennt, hvernig taka á skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir af atburðum í starfinu. Yfirheyrsluaðferðir gagnvart sakaraðiljum og vitnum. Gerðar skýrslur um fjölbreytt efni, er snertir hinar ýmsu námsgreinar, sem kenndar eru á námskeiðinu.

Lögreglufræði, 48 stundir:

Skipulagning lögreglumála, starfssvið lögreglunnar, saksókn í opinberum málum, hald á munum, leit og handtaka (ákvæði laga um meðferð opinberra mála og framkvæmd þeirra), valdbeiting (notkun kylfu og annarra rögreglutækja), meðferð mála vaðandi sjúka menn, hjálparvana eða slasaða, líkfundur, sjálfsmorðsmál, stöðvarþjónusta, starf á varðsvæðum, varðgæzla, ákvæði um störf lögreglu-

manna og skyldur (stjórnarskrá, lög um meðferð opinberra mála, lög um opinbera starfsmenn, reglur fyrir lögreglumenn, fyrirmæli lögreglustjóra o. fl.), meðferð fundinna fjármuna, löggæzla á brunastað, óspektir, lokanir á götum eða svæðum, verndun ummerkja á mönnum, munum eða vettvangi, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum.

Samþykktir, 24 stundir:

Farið yfir lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Ábendingar um sérreglur í öðrum lögreglusamþykktum vegna nemenda utan Reykjavíkur.

Helztu reglur heilbrigðissamþykktu um almennar heilbrigðisráðstafanir. Nokkur atriði úr byggingasamþykktum. Nokkur atriði úr brunamálasamþykktum. Eldvarnir.

Umferðarlög og reglur, 50 stundir:

Farið vandlega yfir umferðarlög og reglugerðir samkvæmt þeim, gildissvið laganna, tillitssemi og varúð, ábyrgð ökumanns og eiganda, umferðarreglur, skyldu til að víkja, hraðareglur, ljósþúnað og ljósatíma, stöðvun ökutækja og stöðu, farm og hleðslu, merkjagjöf, ökukennslu og ökuréttindi, gerð og þúnað ökutækja, umferðarmerkingar, skráningu og skoðun ökutækja, sérákvæði um ákveðnar gerðir ökutækja, umferðarfræðslu í skólum.

Slysarannsóknir.

Ýmis lög og reglugerðir, 30 stundir:

Helgidagalöggjöf og reglur um lokunartíma sölubúða og sölustaða.

Veitingalöggjöf.

Áfengislöggjöf og reglugerðir.

Lög um skotvopn.

Friðunarölggjöf.

Lög um vernd barna og ungmenna.

Lög um nafnskirteini.

Hegningarlög, 24 stundir:

Farið yfir nokkur atriði úr almennum hluta refsiréttar, svo og helztu flokka afbrota.

Þjóðfélagsfræði, 24 stundir:

Rakin nokkur atriði úr réttarsögu, síðan farið yfir greinar stjórnarskrárinnar.

Persónu- og sifjaréttur, 9 stundir:

Rétthæfi, lögræði, lögræðissvipting, lögráðamenn, stofnun og slit hjúskapar, afstaða foreldra til skilgetinna barna, óskilgetinna barna og kjörbarna.

Ríkisborgaralög og útlendingalög, 9 stundir:

Lög um ríkisborgararétt, lög um útlendinga, eftirlit með þeim og vegabréf.

Rannsókn afbrota, 30 stundir:

Raktar meginreglur um rannsókn afbrota.

Mannlýsingar, fingraför, ljósmyndun o. fl., 18 stundir:

Æfingar í mannlýsingum, verndun ummerkja á afbrotastað, upptaka fingrafara, frumatriði í ljósmyndagerð o. fl.

Vettvangsupprættir, 18 stundir:

Mælingatækni. Nemendum kennt að gera flóknari upprætti en þá, sem um ræðir á námskeiði samkv. 6. gr., bæði á götum, víðavangi og innanhúss.

Aflvéla- og rafmagnstækni, 9 stundir:

Kennd undirstöðuatriði um gerð og búnað vélknúinna ökutækja, þar á meðal stýrisbúnað og hemla. Í rafmagnstækni ber að leggja áherzlu á aðstæður, sem valdið geta eldsvoða, og hvernig unnt sé að rjúfa rafmagnsleiðslur án þess að hætta stafi af.

Sálfræði, 9 stundir:

Nokkur atriði úr hagnýtri sálfræði, er snerta lögreglustarfið.

Fyrirlestrar, samtals 14 stundir verði haldnir um tollgæzlustörf, bifreiða- eftirlitsstörf, heilbrigðiseftirlit, notkun slökkvitækja, fjarskiptatækni, almannavarnir, o. fl.

Hjálp í viðlögum, 18 stundir:

Fullkomið námskeið í skyndihjálp vegna slasaðs fólks, lífgunaraðferðir, meðferð tækja.

Lögregluæfingar o. fl., 150 stundir:

Sund, leikfimi, gangfylkingar, umferðarstjórn, handtaka, sjálfsvörn, meðferð og beiting lögreglutækja. Æfingar í framkvæmd ýmissa lögregluaðgerða.

11. gr.

Í lok námskeiða samkv. 6. og 9. gr., skulu nemendur prófaðir í námsgreinum og þeim gefnar einkunnir. Í lok námskeiðs samkv. 9. gr., skulu nemendur þó aðeins prófaðir í námsgreinum þeim, sem taldar eru í 1.—8. og 16.—17. tölulið. Til þess að standast próf, þarf nemendi að fá einkunnina 5 í íslenzku, lögreglufræðum og lögregluæfingum, svo og 5 í meðaleinkunn í námsgreinum samkv. 1.—8. tölulið 9. gr. Gefa skal einkunnir frá 1—10.

Tveir prófdómendur, sem lögreglustjóri tilnefnir, dæma próf ásamt kennara.

III. KAFLI

Um sérstök lögreglunámskeið o. fl.

12. gr.

Hlutast skal til um, eftir því sem við verður komið, að lögreglumenn komist á upprifjunarnámskeið innan 5 ára frá því, að þeir voru skipaðir í starf og síðan á 10 ára fresti. Á námskeiðinu skal rifjað upp námsefni frá fyrri námskeiðum og farið yfir lagabreytingar, sem orðið hafa, svo og dóma, er gengið hafa í málum, er snerta starfið.

13. gr.

Í lögregluskólanum skulu haldin námskeið fyrir lögregluþfirmenn, svo og námskeið í ýmsum sérgreinum á sviði löggæzlu, er aðstæður leyfa, og samkvæmt nánari fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins.

14. gr.

Heimilt er að efna til námskeiða fyrir héraðslögreglumenn og annarra lögreglunámskeiða í umdæmum utan Reykjavíkur. Um námsefni og kennslu skal hafa hliðsjón af 6. og 7. gr. eftir því sem við á og námstími leyfir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56 20. apríl 1963 og 33. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961 og öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.